

Skólaráðsfundur, fimmtudaginn 14.maí frá kl. 16:00

Mættir:

Ruth skólastjóri, Málfríður Ó fulltrúi almennra starfsmanna, Lísa Leifsdóttir fulltrúi foreldrafélagsins, Carola Björk fulltrúi kennara, Ágúst Þór fulltrúi grenndarsamfélagsins, Anna Björk fulltrúi kennara og Ásta Jóna fulltrúi nemenda. Skarphéðinn Smári fulltrúi foreldra boðaði forföll. Unnar Aðalsteinsson fulltrúi nemenda boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun næsta árs – tæknimál

Ruth ræðir stöðuna í helstu málum er varðar fjárhagsáætlun 2021 sem fór fyrir fræðslunefnd í síðustu viku. Verður annar kostnaður, fyrir utan launakostnað, óbreyttur frá síðustu áætlun, þar til staðan verður endurmetin í haust.

Sett hefur verið upp áætlun um tækjakaup næstu fjögurra ára. Tölvur fyrir eldri nemendur og viðbótar iPadar fyrir yngri nemendur. Vantar um 70 tölvur til að nemendur í 7.-10.bekk hafi hver sína tölvu. Slík kaup eru afar kostnaðarsöm en reynt verður, eftir því sem kostur er, að færa til fjármagn til að auka við tölvukost skólans.

2. Skólalóðin og viðgerðir á skólahúsnæði

Ruth sendi inn erindi til Umhverfis – og framkvæmdanefndar um að ljúka skipulagi á skólalóðinni. Ekki er til skipulag sem hægt er að vinna eftir varðandi lóðina og ekki síst er varðar hjólamál. Mikilvægt er að fá fagfólk til að meta og skipuleggja svæði varðandi geymslu hjóla á skólatíma. Þær hjólagrindur sem til eru allt of fáar miðað við þann fjölda nemenda og starfsmanna sem koma í skólann á hjólum og eru auk þess ekki heppilegar til að geyma hjólin í (ógjarðvænar). Hjólaaðstaða þarf að vera góð, ekki síst í ljósi þess að nemendur og starfsmenn eru hvattir til hreyfingar og umhverfisvæns ferðamáta.

Ruth ræddi ýmislegt annað er varðar framkvæmdir og viðhald- og viðgerðir á skólahúsnæði, bæði út og inni.

3. Frá nemendum

Fulltrúi nemenda telur að myglumál og annað nauðsynlegt viðhald innanhúss ætti að hafa forgang umfram hjólastanda. Nemendaráð hefur rætt það að hafa skjá fyrir nemendur á gangi til að miðla upplýsingum.

Nemendur hafa rætt að samkomubannið vegna Covid hafi ýtt undir það hver og einn nemandi ætti að hafa tölvu til yfirráða, t.d. til að geta hlustað og horft á stærðfræðivídeo. Gott væri að fá fleiri pókósvæði (boltaleikur) fyrir nemendur til að leika sér í. Þarf að laga klæðningu við loftgluggana, í Ásgarði, sem eru fyrir ofan kennslustofur yngsta stigi. Klæðningin (brúnir) sé beitt og að nemendur geti skorið sig á henni við leik og störf.

4. Skólastarf næsta vetrar

Ein kennarastaða er útistandandi – búið að auglýsa tvisvar. Auglýsing er í gildi eftir stuðningsfulltrúum. Allar ráðningar ættu að vera frágengnar í vor. Hlutfall réttindakennara hærra en undanfarin ár.

Fimleikahúsið mun væntanlega hafa áhrif á íþróttatöfluna en íþróttatímar hafa stjórnað stundaskrárgerð hingað til. Breytingar verða einnig í stjórnendaliði og Ruth fer yfir það. Val á unglíngastígi aðeins rætt og kynnt.

5. Önnur mál

Allt stefnir í að 10. bekkur geti farið í hefðbundið skólaferðalag á þessu vori. Einnig aðeins rætt um skólaslit. Skólaslit 1. – 9. bekkjar byrjar ekki á sal og ekki er reiknað með foreldrum á þann viðburð.

Brautskráning 10. bekkjar stefnir í að verða nokkuð hefðbundin en sennilega einhver takmörk á fjölda fullorðinna með hverju barni.

Ekki verða fleiri skólaráðsfundir á þessu skólaári en að öllu venjulegu verðu kallað til fyrsta fundar í byrjun skólaárs.

Útgáfu skólablaðs Egilsstaðaskóla, Lagarfljótsormsins, verður frestað til haustsins.

Fundi slitið kl. 16:40

Anna Björk Guðjónsdóttir,
fundarritari.